

# 40 ÁRA

lágbrýsta frystivél, sem við byrjuðum að framleiða fyrir fjórum árum. Við köllum hana spjald-dælu eða „booster“. Héðinn er eina fyrirtækið á Norðurlöndum, sem framleiðir slíkar vélar. Ég veit aðeins til að þær séu framleiddar í Sviss, Frakklandi og Bandaríkjunum. Nú er verið að setja slíkar vélar í næstum öll frystihús hér á landi. Þær flýta mjög fyrir frystingu, margfalt miðað við aflíð, sem þarf til að knýja þær.

Að baki þessarar framleiðslu liggur auðvitað mikil tilraunastarfsemi og margir svitadropar, en allt borgar þetta sig.

Nú erum við að koma með ný frystitæki á markaðinn, þau áttu að vera eins konar afmælisgjöf frá fyrirtækinu, en urðu dálítið síðbúin. Eitt slíkt tæki á að jafngilda sex venjulegum frystitækjum. Við gerum okkur mjög háar vonir um þessi tæki, og ég er þess fullviss, að þau eiga eftir að sanna ágæti sitt.

Þönnurnar í þeim verða úr alumínium, og er það merk nýjung eitt út af fyrir sig. Við fáum „prófilana“ frá Alumínium fyrirtæki í Sviss og sjóðum þá svo saman í þar til gerðri vél, sem við höfum nýlega fengið. Það hefur verið mikið vandamál í frystihúsum að halda þönnunum hreinum, því ryð hefur viljað setjast á þær, en nú á ekkert slíkt að þurfa að koma til, því alumínium ryðgar ekki og tærast ekki. Það má til gamans geta þess, að við kaupum „prófilana“ af einu stærsta alumínium fyrirtæki heims hefur einmitt verið að athuga möguleika á að koma á fót alumínium-vinnslu hér á landi.

— Hvað segirðu um soðkjarnatækin, sem þið hafið framleitt fyrir síldarverksmiðjurnar?

Fyrstu soðkjarnatækin smíðuðum við árið 1954. Þau voru sett í Verksmiðjuna á Kletti. Nú er varla hægt að hugsa sér að reka síldarverksmiðju án þess að hafa slíkt tæki. Sem dæmi get ég nefnt, að í sumar bræddi Rauðka á Siglufirði um 160 þús. mál síldar. — Vegna þess, að þar eru ekki soðkjarnatæki, fengu þeir ekki nema 21.5 kíló af mjóli úr hverju síldarmáli, en hefðu átt að fá 28,5. — Hafa þeir líklega tapað 5-6 milljónum brúttó. Soðkjarnatæki eða svipaður útbúnaður nála nú verið sett í langflestar síldarverksmiðjur og þau hafa fyrir löngu sannað ágæti sitt, svo ekki verður um villzt.

— Þið hafið líka byggt síldarverksmiðjur víða um land, hvað viltu segja um það?

— Eg get fullyrt, að við höfum byggt helming allra síldarverksmiðja á Íslandi. Auk þess höfum við unnið við að stækka þær flestar, ef ekki allar. Núna síðustu dagana höfum við verið að vinna við verksmiðjur í Reykjavík, Akranesi, Hafnarfirði, Keflavík, Sandgerði og Grindavík. Í sumar vorum við að vinna við verksmiðjur á öllum Austfjörðunum. Þegar

hægist um hjá okkur núna, förum við að smíða hluti til þess að eiga á lager, því enginn tími hefur verið til slíks undanfarið.


— Hvað um skipaviðgerðir, eru þær mikill þáttur í starfsemi þinni.

— Þær eru það vissulega. Þær voru með fyrstu verkefnum fyrirtækisins, og hafa alla tíð síðan verið stór þáttur í starfsemi þinni. Fyrir fáum árum tókum við að okkur 12 ára flokkunarviðgerð á tveim togurum Bæjarútgerðar Reykjavíkur. Tilboða var leitað bæði innlendis og erlendis, og við ásamt Stálsmiðjunni buðum lægst. Það voru ýmsir vantrúaðir á að þetta væri hægt. En þetta reyndist vel og skapaði mikla vinnu, þegar annars, hefði verið mjög lítið að gera.

Eins og þú kannst veizt, þá eiga Hamar og Héðinn Stálsmiðjuna h.f. í sameiningu, og nú er búið að sjósetja þar fyrsta fiskibátinn úr stáli, sem smíðaður hefur verið hér á landi. Eg er þess fullviss, að stálskipasmíðar eiga sér mikla framtíð hér á landi, en gallinn er bara sá, að það vantar fólk til að vinna, það vantar alls stóðar fólk núna. Sérstaklega er skortur á tæknimennuðum mönnum, því þjóðfélagið er nú að færast í það horf, að allt sem mögulegt er að vinna með vélum, er unnið með vélum.

— Smíðar Héðinn ekki mikið af svokölluðum „spilum“ eða togvindum fyrir fiskibáta?

Jú, þær höfum við smíðað um árabil. Og eftirspurnin er meiri en við með nokkru móti getum annað. Menn eru nefnilega að komast að raun um, að það er að mörgu leyti hentugra að kaupa þessa hluti hér, bæði hvað varahluti og annað snertir. Núna eigum við til dæmis ekkert spil fullsamsett, þegar er allt rífið út úr höndunum á okkur, ef svo má að orði komast.



Þetta eru nýju frystitækin, sem Héðinn er nú að senla á markaðinn. Þönnurnar í þeim eru gerðar úr alumínium og verður því viðhaldskostnaður tækjanna mun minni. Í neðra horni sést þverskurður af „prófilunum“, sem þönnurnar eru smíðaðar úr. Eitt svona frystitæki á að jafngilda sex venjulegum.

— Eitthvað hafið þið fengist við að framleiða heimilistæki?

— Við höfum framleitt þvottavélar í samvinnu við Rafha í Hafnarfirði. Það er eins og á örr-

um sviðum, við höfum engan veginn undan. Þvottavélar hafa reynt mjög vel. Auk þess eru þær um 3-4000 krónum ódýrari en samþaralegar vélar erlendar, og það hefur töluvert að segja hjá neytendum.

— Hvað vilt þú að lokum segja um íslenska járníðnaðarmenn, eru þeir samkeppnisfærir við starfsbræður sína erlendis?

— Þeir eru samkeppnisfærir og fyllilega það. Nú síðustu árin er alltaf verið að ræða um vinnusvik og þess konar, — við hér vitum ekki hvað það er. Það er náttúrulega misjafn sauður í mörgu fé, en yfir vinnusvikum höfum við aldrei þurft að kvarta. Við hér í Héðni höfum verið sérlega heppnir með starfsfólk alla tíð.


Járníðnaðurinn á mikla framtíð fyrir sér hér á landi. Erfiðleikar hans liggja fyrst og fremst í fólksfæð og lánsfjárskorti. Það ríkir ekki nægilegur skilningur hjá stjórnarvöldunum á lánsfjárbörf iðnaðarins. Járníðnaðurinn hefur í för með sér óhemju gjald eyrissparnað og mönnum er smám saman að verða nauðsyn þess ljós, að nægilega vel sé búið að þessum iðnaði, sem að verulegu leyti er

undirstaða þess þjóðfélags, sem við búum í.

Það fer ekki á milli mála, að brautryðjendurnir, þeir valinkunnu sónamenn, Markús Ívarsson vélstjóri og Bjarni Þorsteinsson vélfræðingur, lögðu grundvöllinn að þessu mikla iðnfyrirtæki. Jafn víst er það, að margir ágætir menn hafa þarna starfað, og starfa myrkranna á milli og lengur þegar nauðsyn hefur borið til. Allir hafa í sameiningu lagt hönd á plóginn við smíði véla, sem nú mala þjóðinni gull víðs vegar um landið.

Núverandi forstjóri fyrirtækisins, Sveinn Guðmundsson, hefur með eindæma dugnaði, fyrirhyggju og framsýni, leitt Héðinn frá einum stórsigrinum til annars, og eru þar ekki öll kurl komin til grafar enn þá.

Alþýðublaðið óskar starfsmönnum og stjórnendum Héðins til hamingju með þennan merkisafanga á starfsbrautinni.



Þetta tæki kalla Héðinsmenn „booster“, eða spjaldælu. Slíkt tæki er nú verið að setja í því sem næst öll frystihús hér á landi. Héðinn er eina fyrirtækið á Norðurlöndum, sem framleiðir slíkar spjaldælu, en þær auka afköst frystivéla margfalt miðað við það afl, sem þarf til að knýja þær.